

**146. fundur Skóla- og frístundaráðs, haldinn í fjarfundi,
4. nóvember 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1908252 - Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir- frístundaþjónusta

Sameiginlegt mál skóla- og frístundaráðs og velferðar- og mannréttindaráðs. Mat á stöðunni hjá Akraneskaupstað og hvernig er hægt að fullnægja kröfum sem koma fram í lögnum.

Kristinn Hallur Sveinsson formaður velferðar- og mannréttindaráðs, Einar Brandsson varaformaður velferðar- og mannréttindaráðs, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður velferðar- og mannréttindaráðs, Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Lára Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Berglind Jóhannesdóttir ráðgjafaproskafjálfi komu inn á fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða kynningu og óskar eftir því að starfshópur vinni málið áfram í samræmi við umræðu.

Kristinn Hallur, Einar, Anna Þóra, Svala, Sveinborg og Berglind víkja af fundi.

2. 2010254 - Rekstrarkostnaður á nemenda í leik- og grunnskólum 2019

Lögð fram samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga á upplýsingum úr ársreikningum sveitarfélaga annars vegar og svo frá Hagstofu Íslands hins vegar.

3. 2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024

Þorgeir H. Jónsson fjármálastjóri og Kristjana Helga Ólafsdóttir verkefnastjóri á fjármálasviði komu inn á fundinn undir þessum lið.

Forsendur fjárhagsáætlunar 2021 skóla- og frístundasviðs kynnt.

4. 2003147 - Covid-19 staðan á skóla- og frístundasviði

Mat á stöðu á stofnunum skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundaráð þakkar góða samantekt.

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.
Sign (BD, RBS, SMS, VJ, FES)*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.